

Nd.

800. Nefndarálit

[56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar fjölmargra aðila. Flestir mæltu gegn frumvarpinu, en einn aðili, hafnarstjórinn í Reykjavík, mælti með frumvarpinu.

Nefndarmenn eru sammála flutningsmanni um hina brýnu nauðsyn á því að auka tekjur hafnarbótasjóðs, en telja hins vegar ekki tímabært fyrir Alþingi að taka afstöðu til tekjuöflunarleiða, þar sem lög um hafnarbótasjóð svo og lög um hafnargerðir og lendingarbætur hafa nýlega verið endurskoðuð og eru nú til athugunar hjá hæstvirtri ríkisstjórn.

Nefndarmenn leggja því til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem stjórnskipuð nefnd hefur lokið endurskoðun laga um hafnarbótasjóð svo og laga um hafnargerðir og lendingarbætur og ríkisstjórnin hefur málið til athugunar, telur deildin ekki ástæðu til þess að ræða málið frekar nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. apríl 1962.

Birgir Finnsson,
form.

Matthías Á. Mathiesen,
fundaskr., frsm.

Gisli Guðmundsson.

Pétur Sigurðsson.

Geir Gunnarsson.